



Fundargerð

5. fundur Byggingarnefndar Skaftárhrepps haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 30. apríl 2025.

Fundinn sátu:

Björn Helgi Snorrason, Elín Heiða Valsdóttir, Hörður Eyþórsson og Helgi Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Helgi Guðmundsson.

Formaðurinn, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 16.00

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2503026 - Stöðuleyfi

Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir sumarhúsi í landi Arnardrangs, L163297 Björn Hafsteinsson, sækir um stöðuleyfi sumarhúsi sem geymt verður í landi Arnardrangs, L163297, Skaftárhreppi. En verður svo fundinn annar varanlegur staður eftir endurgerð. Umsækjandi hefur fundið aðila til að teikna fyrir sig upp húsið.

Byggingarnefnd Skaftárhrepps samþykkir stöðuleyfi fyrir sumarhúsið í tólf (12) mánuði.

2. 2504001 - Umsókn um byggingarleyfi

Luxoer ehf., Syðri-Vík, sækir um leyfi fyrir því að að byggja ca.22,5 m² viðbyggingu við núverandi hús borðstofa verður lengd út og svo verður farið í breytingar á innraskipulagi á núverandi húsi og verður útveggur í eldhúsi færður út um 60 cm sem samsvarar dýpt eldhúsinnréttingar. Núverandi brúttó rúmmál er 734 m³ en verður eftir breytingar 830,5 m³

Byggingarnefnd samþykkir viðbyggingu við núverandi hús á Syðri-Vík og felur byggingarfulltrúa að ganga frá málinu.

3. 2504020 - Umsókn um byggingarleyfi

Nesgrjót ehf. sækir um leyfi að byggja raðhús á einni hæð með fjórum íbúðum úr timbri með járnlæðningu að Skaftárvöllum 30. Á lóðinni er gert ráð fyrir tveimum bílastæðum fyrir hverja íbúð.

Byggingarnefnd Skaftárhrepps, samþykkir byggingaráformin með fyrirvara um samþykkið Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps. Byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.



4. 2504021 - Stöðuleyfi

Hrísnes, Hrífunesi sækir um stöðuleyfi fyrir tveimum vinnuskúrum, fyrir iðnaðarmenn. Vinnuskúrarnir verða staðsettir rétt ofan við gömlu bensínstöðina.

Byggingarefnd Skaftárhrepps samþykkir stöðuleyfi fyrir sumarhúsið í tólf (12) mánuði.

5. 2504022 - Umsókn um byggingarleyfi

Sótt er um að byggja íbúðarhús úr timbri að Hörgslandi 2. Húsið verður með steiptum sökkli og plötu, byggt á staðnum. 176,6m² grunnflötur húsið er teiknað af Birgi Teitssyni.

Byggingarnefnd Skaftárhrepps samþykkir byggingaráformin með fyrirvara um stofnun lóðar úr landi Hörgslands 2 L 210922.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 16:20.

Björn Helgi Snorrason

Elín Heiða Valsdóttir

Hörður Eyþórsson

Undirritunarsíða

Björn Helgi Snorrason



Undirritað af:
Björn Helgi Snorrason
2005724249
Dags: 07.05.2025
Tími: 16:17:17
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: d698095e-f495-
42ac-b2b3-611cef3e8036

Elín Heiða Valsdóttir



Undirritað af:
Elín Heiða Valsdóttir
2710775139
Dags: 19.06.2025
Tími: 14:06:47
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: d698095e-f495-
42ac-b2b3-611cef3e8036

Hörður Eypórsson



Undirritað af:
Hörður Eypórsson
2805892179
Dags: 05.05.2025
Tími: 10:56:00
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: d698095e-f495-
42ac-b2b3-611cef3e8036